

Ísafjarðarbær  
Stjórnsýsluhúsinu

Hafnarstræti 1  
400 Ísafirði

Ísafjarðarbær MÓTTÉKIÐ
03. júní 2020
Málsnr. 2020-06-0010
Frumirít - skilist til skjalasafns



Reykjavík. 28. maí 2020  
Tilvísun: 2020050102  
JHGe/

### Efni: Vestfjarðavegur (60) um Bjarnadalsá í Bjarnadal. Umsókn um framkvæmdaleyfi.

Vegagerðin sækir hér með um framkvæmdaleyfi vegna framkvæmda við Vestfjarðarveg um Bjarnadalsá í Bjarnadal í samræmi við meðfylgjandi gögn.

Vegagerðin áformar að byggja nýja tvíbreiða brú yfir Bjarnadalsá í Bjarnadal. Núverandi brú á Bjarnadalsá er einbreið, 14 m löng og var byggð árið 1969. Brúin er illa farin og þarfust nauðsynlega endurnýjunar. Plan- og hæðarlega Vestfjarðarvegar á þessum vegkafla er varhugaverð. Með endurbættum veki og nýrri tvíbreiðri brú á Bjarnadalsá, mun umferðarárþryggi aukast til mikilla muna og umferð um svæðið verða greiðari en nú er. Brúin á Bjarnadalsá kemur í stað núverandi einbreiðrar brúar sem og gamallar brúar að Tröð.

Framkvæmdin felst í gerð nýs vegkafla á Vestfjarðavegi í Bjarnadal ásamt afleggjurum að Tröð og Kirkjubóli og gerð nýrrar brúar á Bjarnadalsá. Hönnun verksins er í samræmi við veggþönnunarreglur Vegagerðarinnar og er framkvæmdin liður í að auka umferðarárþryggi. Nýr vegur kemur til með að vera 8 m breiður, með 7 m akbraut og 0,5 metra breiðum öxlum.

Ný brú yfir Bjarnadalsá verður eftirspennt plötubrú í einu hafi og heildarlengd um 22,9 m. Nýja brúin er staðsett um 25 m neðan núverandi brúar. Brúin verður með 9 m breiðri akbraut og með 0,5 m breiðum kantbitum, breidd alls 10 m. Brúin verður grunduð á steyptum undirstöðum á klöpp. Vegna færslu vegrar þarf að færa farweg Tjarnarár í upprunalegan farweg í nágrenni brúarinnar. Núverandi brú við Tröð verður rifin. Ekki er reiknað með að rífa núverandi brú yfir Bjarnadalsá. Í verklok er áætlað að afmá vegkafla að brúnni að Tröð og gengið frá umhverfi svo framkvæmd falli sem best að umhverfi sínu.

Í sama útboði áformar Vegagerðin að ráðast í lagfæringar á núverandi vedi frá stöð 182 að stöð 1925 og áætlað er að bæta við keðjuplaní í st. 1400-1450. Framkvæmdasvæðið um Bjarnadalsá er því samtals um 1,75 km.

Fyrirhugaður vegur kemur til með að liggja um lönd jarðanna Kirkjubóls (landeignanr. 141014) og Traðar (landeignanr. 141023) sbr. meðfylgjandi yfirlitsmynd . Landeigendum sem eiga land að framkvæmdasvæðinu hafa verið kynntar framkvæmdirnar og þeim verið send kynningarbréf og uppdrættir. Skriflegt samkomulag við eigendur á svæðinu liggur fyrir þess efnis að þeir heimila Vegagerðinni hefja framkvæmdir þó ekki sé búið að ganga formlega frá kaupum Vegagerðarinnar á landi undir veginn.

Veiðifélagi Bjarnadalsár hafa verið kynntar framkvæmdirnar og er samþykk þeim. Þá liggur fyrir umsögn Hafrannsóknarstofnunar og samþykki Fiskistofu fyrir framkvæmdinni.

Áætluð efnispörf í verkið er áætluð um 42.300 m<sup>3</sup> og sundurliðast svo:

3.000 m<sup>3</sup> í burðarlög og klæðningar, efni tekið úr skeringum við Kýrá.

300 m<sup>3</sup> í rofvarnir, efni tekið úr skeringum á vegsvæðinu.

9.000 m<sup>3</sup> í styrktarlag, efni fengið úr skeringum á vegsvæðinu.

30.000 m<sup>3</sup> í fyllingar og flága, efni fengið úr skeringum á vegsvæðunum.

Verkið er ekki háð mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 106/2000. Engin friðlýst svæði eða svæði á náttúruminjaskrá eru í grennd við framkvæmdasvæðið og á því eru ekki náttúrufyrbrigði sem njóta sérstakrar verndar skv. 37. gr. laga nr. 44/1997 um náttúruvernd.

Rask á menningarminjum er háð leyfi Minjastofnunar Íslands. Komi óþekktar minjar í ljós við framkvæmdina mun Vegagerðin bregðast við samkvæmt 24. gr. laga nr. 80/2012.

Gert er ráð fyrir vinnubúðum vegna framkvæmdanna og að vinnu- og/ eða kaffiskúr verði settur niður á framkvæmdasvæðinu í samráði við landeigendur og með heimild heilbrigðiseftirlits og sveitarfélagsins. Verktaki þarf að sækja um starfsleyfi til Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða samkvæmt reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir starfsemi sem getur haft í för með sé mengun.

Samráð um framkvæmd þessa verður haft við Ísafjarðarbæ og landeigendur við undirbúning og framkvæmd þessa verks.

Vegagerðin sækir hér með um framkvæmdaleyfi að byggja nýja um 23 metra langa tvíbreiða brú ásamt nýjum vegtengingum með vísan til 13. gr. Skipulagsлага nr. 123/2010.

Gert er ráð fyrir að framkvæmdin geti hafist þegar framkvæmdaleyfi liggur fyrir og er verktíminn áætlaður til júní 2021.

Meðfylgjandi er afstöðumynd, yfirlistmynd og grunnmyndir/ langsnsið. Þá er einnig meðfylgjandi samþykki landeiganda og veiðifélags fyrir framkvæmdinni, ásamt umsögn Hafrannsóknarstofnunar og samþykki Fiskistofu.

Virðingarfyllst f.h. Vegagerðarinnar,

  
Jón H. Gestsson verkefnisstjóri

Fylgiskjöl:

1. Afstöðumynd mkv. (A1) 1:20.000
2. Yfirlitsmynd mkv. (A1) 1:5.000
3. Grunnmyndir/Langsnsið stöð 182-900, stöð 900-1650, stöð 1650-1915
4. Samþykki landeigenda
5. Samþykki veiðifélags
6. Umsögn Hafrannsóknarstofnunar
7. Samþykki Fiskistofu




Aflit



Vestfirðardægur (60)  
um Þjóðveldisbraut 10x10

8:01





## Vestfjarðavegur (60)





Landsmaður: Vegagerðin  
Hnileikar: ISN93 Hæðanefni Landsbaðarkefni.  
Loftmyndadráeфа og mynnmaðring. Loftmyndir ehf.  
Flugtæg 3000 m. Máskvæði 10x10 m.

C101  
C101  
C101

Gjarnanrynd og langstæði  
um Bjarnardalsvið 1:1000

St: 1:62-500

## Vestfjarðavegur (60)



Skýringar:  
Vegejó  
Farevegur  
Fylling i skuru

Landsmeilingar: Vegagerðin  
Hnátaefni: ISN93 Hæðarkafi, Landsheðarkenki  
Loftmynddata og myndasíging: Loftmyndir ehf.  
Flugnæð 3000 m. Möskuvæsturð 10x10 m.

**EFLA**  
Vegagerðin



2970-351

c102

c101

## Vestfjarðavegur (60)

## Tenging að Tröð



Skrýningar  
Vegna  
Ræsir  
Farvegur  
Fylling í skuru

Landsmaingar: Vegagerðin  
Hinlaikar: IS93 Heðarkerfi, Landsbaðarkerfi  
Loftmyndtaka og myndmáling: Loftmyndir ehf.  
Flughað 3000 m. Möskvastand 10x10 m.

Vestfjardavegur (60)  
um Bjarmahálsina við Tröð

Grannmynd og largang  
St. 1650-19.5 m tengingar



EFLA 2970-351

Vegagerðin

1:10000  
0 20 40 60 80 100 m

CR03

**Samkomulag  
vegna framkvæmda í landi Kirkjubóls í Ísafjarðarbæ**

Vegagerðin, kt. 680269-2899, og eigendur Kirkjubóls í Bjarnadal ehf. (landnr. 141014), kt. 610616-3210, gera með sér eftirfarandi samkomulag vegna framkvæmda við Vestfjarðarveg (60) um Bjarnardalsá um Bjarnadal.

Fyrirhuguð framkvæmd fellst í nýbygging á um 0,7 km löngum vegkafla á Vestfjarðavegi um Bjarnadalsá í Bjarnadal og með byggingu nýrrar brúar yfir Bjarnadalsá. Ný brú verður 17' m löng og tvíbreið, staðsett um 100 m neðan núverandi brúar. Ný brú verður tengd núverandi vegakerfi með um 0,4 km löngum vegin að sunnanverðu og um 0,3 km löngum vegin að norðanverðu samanber teikningu uppdrátt sem landeigendur hafa fengið að sjá.


Landeigendur Kirkjubóls heimila að framkvæmdir verði hafnar í landi Kirkjubóls við upphaf verktíma, þrátt fyrir að ekki verði búið að ganga frá samningi um landbætur milli Vegagerðarinnar og landeigenda Kirkjubóls á þeim tíma.

Aðilar að þessu samkomulagi eru sammála um að ef ekki hafa náðst samningar um bætur vegna framkvæmda í landi Kirkjubóls fyrir 1. nóvember 2020 geti hvor aðili um sig vísað málínun til matsnefndar eignarnámsbóta.

Staður/dags.

19. maí 2020


F. h. landeiganda

F. h. Vegagerðarinnar

Vottar að réttri dagssetningu undirritun og fjárræði aðila:

  
Nafn og kennitala 0511862579

  
Nafn og kennitala 1305002930

**Samkomulag  
vegna framkvæmda í landi Traðar í Ísafjarðarbæ**

Vegagerðin, kt. 680269-2899, og eigendur Traðar (landnr. 141023), Ásvaldur Magnússon kt. 080754-4859 og Helga Dóra Kristjánsdóttir kt. 221060-6369, Tröð, 426 Flateyri, gera með sér eftirfarandi samkomulag vegna framkvæmda við Vestfjarðarveg (60) um Bjarnardalsá um Bjarnardal.

Fyrirhuguð framkvæmd fellst í nýbygging á um 0,7 km löngum vegkafla á Vestfjarðavegi um Bjarnadalsá í Bjarnadal og með byggingu nýrrar brúar yfir Bjarnadalsá. Ný brú verður 17 m löng og tvíbreið, staðsett um 100 m neðan núverandi brúar. Ný brú verður tengd núverandi vegakerfi með um 0,4 km löngum veki að sunnanverðu og um 0,3 km löngum veki að norðanverðu samanber teikningu upprátt sem landeigendur hafa fengið að sjá.

Landeigendur Traðar heimila að framkvæmdir verði hafnar í landi Traðar við upphaf verktíma, þrátt fyrir að ekki verði búið að ganga frá samningi um landbætur milli Vegagerðarinnar og landeigenda Traðar á þeim tíma.

Aðilar að þessu samkomulagi eru sammála um að ef ekki hafa náðst samningar um bætur vegna framkvæmda í landi Traðar fyrir 1. nóvember 2020 geti hvor aðili um sig vísað málinu til matsnefndar eignarnámsbóta.

Staður/dags.

ÞKR. raudn línunni: Tröð 18 maí 2020  
á Kynntu voru:

F. h. landeiganda

F. h. Vegagerðarinnar

Ásvaldur Magnússon  
080754-4859

Hlaga Dóra Kristjánsdóttir

Vottar að réttri dagssetningu undirritun og fjárræði aðila:


Hélga Dóra Kristjánsdóttir  
Nafn og kennitala  
0411852449

Sigrún Þ. Svartinsdóttir

Knudrun G. Sigrún Þorl. 180184-3259  
Nafn og kennitala

H.F.F. Vestfjarðavegur (60)

Hverfjall meistri fara ner bonum  
eða að 3759 1640.



**Stýringar:**  
 Vegið  
 Ræsi  
 Færgeyrar  
 Fulling í skurð

**Landsmeiningar:**  
 Hinskeið: ISH93 Hæðarkort: Landsheitaðarkort.  
 Loftmyndatíka og myndmálinng: Loftmyndir eftir.  
 Flugtím 3000 m. Maskivæland 10x10 m.

**Scale:**  
 0 200 400 600 800 1000

**Legend:**  
 C: 10  
 Glaumbær og Umhverfis  
 Dv. 0-500 og lenging að 100

**Legend:**  
 EF LA  
 2970-351  
 Vegggrindin  
 Vegggrindin

**Samþykki veiðifélags Bjarnadalsár í Bjarnardal  
fyrir framkvæmdum vegna nýrrar búar og vegstæðis við Bjarnadalsár í Bjarnardal.**

Veiðifélag Önundarfjarðar gerir ekki athugasemdir og samþykkir því fyrirhugaðar framkvæmdir við Vestfjarðarveg (60) um Bjarnardalsá um Bjarnardal og byggingu nýrrar brúar yfir Bjarnadalsá. Ný brú verður tengd núverandi vegakerfi í samræmi við meðfylgjandi teikningar.

Ísafirði 26. maí 2020

F. h. Veiðifélags Bjarnadalsár í Bjarnardal

Kristjan Óskar Ásvaldsson  
Kristjan Óskar Ásvaldsson, kt. 161186-3929

Vottar að réttri dagssetningu undirritun og fjárræði aðila:

Gudmundur Óli Tryggvason  
Nafn og kennitala 040675-5239

Kristjan Óskur Þurles  
Nafn og kennitala 160960-3539



**HAFRAANNSÓKNASTOFNUN**

Rannsókna- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna

VEGAGERÐIN

Miðstöð

Mótt. 15. MAI 2020

Skránum

336

Málsnr

102 005 011 02

Vegagerðin  
b/t Jón H. Gestsson  
Borgartúni 7, 105 Reykjavík

Hvanneyri 8. 5. 2020

**Efni: Umsögn vegna framkvæmda við lagningu nýs vegar og byggingu nýrrar brúar á Vestfjarðavegi (60) um Bjarnadalsá í Bjarnadal**


Vegagerðin hefur óskað umsagnar Hafrannsóknastofnunar vegna fyrirhugaðra framkvæmda á 0,7 km kafla á Vestfjarðavegi og með byggingu nýrrar brúar á Bjarnadalsá í Bjarnadal við Önundarfjörð. Meðfylgjandi voru afstöðumyndir af framkvæmdinni (mynd 1). Ný brú verður tvíbreið og staðsett 100 m neðan við núverandi brú, alls 22 m að lengd og 10 m að heildarbreyidd. Stöplar verða tveir með bogadregnum vængjum. Brúin kemur í stað núverandi einbreiðrar brúar sem og gamallar brúar að bænum Tröð.

**Umhverfi og veiðinytjar**

Bjarnadalsá er hrein dragá og rennur um Bjarnadal við Önundarfjörð. Áin er fiskgeng ca. 8km að dalbotninum og er botngerðin einkum samsett af möl og smágrýti. Rennsli árinnar er breytilegt og en bakkar árinnar eru fremur stöðugir og grónir einkum í efri hluta dalsins (mynd 2). Ekki hafa borist skýrslur um veiði í Botnsá og er árinnar ekki getið í veiðigagnagrunni Hafrannsóknastofnunar og Fiskistofu. Áin er einkum þekkt fyrir oft á tíðum góða bleikjuveiði (Eiríkur St. Eiríksson 2003) en samkvæmt upplýsingum frá Veiðifélagi Önundarfjarðar dró verulega úr henni eftir að vegur var byggður um vöðin í innanverðum Önundarfirði.

**Vatnalífríki**

Lífríki Bjarnadalsár hefur lítið verið rannsakað, en áin var skoðuð 2015 sem hluti af yfirlitskönnum á lífríki straumvatna á Vestfjörðum (Sigurður Már Einarsson, Jón S. Ólafsson og Jóhannes Guðbrandsson 2016). Þá var lífríki (þörungar, smádýr, fiskar) ítarlega kannað á einni stöð við bæinn Tröð. Einnig fór önnur seiðaathugun fram í september 2015 og þá var áin könnuð á fleiri stöðum n.a. skammt neðan við Selfoss og við réttina skammt ofan við bæinn Tröð (Sigurður Már Einarsson, óbirt athugun). Niðurstöður seiðaathugana sýndu að bleikja var ríkjandi tegund í ánni, en einnug fundust tveir árgangar laxaseiða á þriðja og fjórða ári á stöð við bæinn Tröð. Lax hefur því eitthvað numið land í ánni á síðari árum (Sigurður Már Einarsson, Jón S. Ólafsson og Jóhannes Guðbrandsson 2016).



**Mynd 1.** Loftmynd og uppdráttur af fyrirhuguðu framkvæmdasvæði við Bjarnadalsá (Jón H. Gestsson 2020).



**Mynd 2.** Efri hluti Bjarnadalsár. Litið rofnir grasbakkar og smágryttur árfaevegur. Ljósmynd Sigurður Már Einarsson 18. september 2015.

### Umsögn

Bjarnadalsá fóstrar einkum bleikjuseiði, en lax hefur eitthvað hrygnt í ánni hin síðari ár. Ný brú á ánni verður ekki gönguhindrun fyrir laxfiska hvori seiði né fullorðinn fisk, enda er farvegur árinnar náttúrulegur undir brúnni. Við hönnun og framkvæmdir þarf ætíð að taka tilliti til lifríkis í vatni, en óhjákvæmilega verður rask við framkvæmdina sem einhver áhrif hefur

á lífrski, en raskið er bundið við framkvæmdatímann og ætti ekki að hafa varanleg áhrif. Helstu atriði sem hafa þarf í huga eru eftirfarandi:

- a) Gæta þess að minnka umferð með árbökkum eins og kostur er og gæta þess að vélar smiti ekki olíu eða öðrum skaðlegum efnum sem borist getur út í árvatnið.
- b) Ekki er getið í meðfylgjandi gögnum að efnistöku sé þörf vegna vegagerðar að brúnni, en almennt gildir að ekki ætti að taka efni úr virkum farvegl vatnsfalls eða það nærrí vatnsfalli að vatn geti leitað inn á efnistökusvæði úr farveginum.
- c) Mikilvægt er að framkvæmdaaðili/verktaki séu upplýstir um umhverfismál vegna framkvæmdarinnar og leitað sé leiða til að lágmarka umhverfisáhrif. Afla þarf leyfis hjá landeigendum og veiðifélagi sé það til staðar. Samkvæmt lögum um lax – og silungsveiði er það Fiskistofa sem metur og gefur leyfi til framkvæmda við ár og vötn.
- d) Vakin er athygli á því að helstu lög sem taka til framkvæmda í og við vatn eru skipulags- og byggingarlög (nr. 71 1997), lög um lax-og sillungsveiði (nr. 61 2006) og lög um náttúruvernd (nr. 60 2013).

#### Heimildir

Eiríkur St. Eiríksson (2003). Stangaveiðihandbókin. 2. Bindi. Frá Hvalfirði í Hrútafjörð. 240 bls.

Jón H. Gestsson (2020). Tölvubréf vegna framkvæmda við Botnsá í Táiknaflröli. Vegagerðin 1bls og teikningar.

Sigurður Már Einarsson, Jón S. Ólafsson og Jóhannes Guðbrandsson 2016. Umhverfisþættir og útbreiðsla á vestanverðum Vestfjörðum. Veðimálastofnun. VMST/16013. 20 bls.

#### F.h. Hafrannsóknastofnunar



Sigurður Már Einarsson fiskifræðingur

Vegagerðin  
B.t. Jón Heiðar Gestsson  
Borgartúni 5-7  
105 Reykjavík

Hafnarfjörður 27. maí 2020  
Tilv. 2020-05-27-0894

Efni: Varðar Brú yfir Bjarnadalsá í Bjarnadal í Önundarfirði ásamt aðliggjandi vegi

Í umsókn dagsettri 27. maí síðastliðinn leitar Vegagerðin eftir heimild til að byggja 25 m nýja brú ofan við eldri brú yfir Bjarnadalsá í Bjarnadal í Önundarfirði (staður: 65° 58.384'N, 23° 26.148'V) ásamt aðliggjandi vegi. Umsókninni fylgja jafnframt upplýsingar um framkvæmdina, umsögn Hafrannsóknastofnunar varðandi möguleg áhrif framkvæmdarinnar á lífríkið, umsögn stjórnar Veiðifélags Önundarfjarðar og samþykki landeigenda.

Í umsögn Hafrannsóknastofnunar um framkvæmdina kemur m.a. fram:

„*Bjarnadalsá fóstrar einkum bleikjuseiði, en lax hefur eitthvað hrygnt í ánni hin síðari ár. Ný brú á ánni verður ekki gönguhindrun fyrir laxfiska hvorki seiði né fullorðinn fisk, enda er farvegur árinnar náttúrulegur undir brúnni. Við hönnun og framkvæmdir þarf ætið að taka tillit til lífríkis í vatni, en óhjákvæmilega verður rask við framkvæmdina sem einhver áhrif hefur á lífríki, en raskið er bundið við framkvæmdatímann og ætti ekki að hafa varanleg áhrif.*“

Einnig kemur fram:

„*Helstu atriði sem hafa þarf í huga eru eftirfarandi:*

- Gæta þess að minnka umferð með árbökkum eins og kostur er og gæta þess að vélar smiti ekki olíu eða öðrum skaðlegum efnum sem borist getur út í árvatnið.*
- Ekki er getið í meðfylgjandi gögnum að efnistöku sé þörf vegna vegagerðar að brúnni, en almennt gildir að ekki ætti að taka efni úr virkum árfarvegi vatnsfalls eða það nærrí vatnsfalli að vatn geti leitað inn á efnistökusvæði úr farveginum.*
- Mikilvægt er að framkvæmdaaðili/verktaki séu upplýstir um umhverfismál vegna framkvæmdarinnar og leitað sé leiða til að lágmarka umhverfisáhrif....“*

Stjórn Veiðifélags Önundarfjarðar gerir ekki athugasemdir við framkvæmdina.

Að teknu tilliti til umsagnar Hafrannsóknastofnunar og með vísan til 33. greinar laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði með síðari breytingum fellst Fiskistofa á að Vegagerðin byggi 25 m nýja brú ofan við eldri brú yfir Bjarnadalsá í Bjarnadal í Önundarfirði (staður: 65° 58.384'N, 23° 26.148'V) ásamt aðliggjandi vegi. Fiskistofa leggur áherslu á farið verði eftir leiðbeinigum Hafrannsóknastofnunar um framkvæmdina og að gengið verði snyrtilega frá svæðinu að framkvæmdum loknum. Fiskistofa bendir á að það er á ábyrgð framkvæmdaaðila að uppfylla lagaskilyrði gagnvart viðkomandi landeigendum til þess að framkvæmdin geti farið fram. Heimildin gildir í eitt ár eða til 28. maí 2021.



Fiskistofa vekur athygli á því að gjald er tekið fyrir leyfisveitingu vegna framkvæmda við ár og vötn (17.200 kr.) í samræmi við auglýsingu nr. 1185/2017. Reikningur verður sendur í heimabanka.

Virðingarfullst,  
Fiskistofa

  
Sumarliði Óskarsson  
Lax- og silungsveiðisvið